

**Nd.**

**308. Frumvarp til laga**

[159. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Garðar Sigurðsson, Karvel Pálmason.

**1. gr.**

Bráðabirgðaákvæði laga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 108/1972, orðist þannig:

**Bráðabirgðaákvæði.**

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér þá tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 2. málsg. 205. gr. laga þessara, sbr. 1. gr. laga nr. 108/1972:

**1. Dánarbætur:**

- a) 2 milljónir króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

**2. Slysadagpeningar og örorkubætur:**

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Haustið 1972 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á siglingalögum, nr. 66/1963, þess efnis að samræma ákvæði þeirra laga fyrirhuguðum breytingum á almannatryggingalögum. Við meðferð málsins í neðri deild Alþingis lögðu sex alþingismenn — þeir Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Jón Skaftason, Garðar Sigurðsson og Pétur Sigurðsson — fram breytingartillögu við frv. þar sem m. a. var lagt til, að við siglingalögin yrði bætt nýju ákvæði, bráðabirgðaákvæði, þar sem tiltekið væri hvaða tryggingar útgerðarmaður þyrfti að kaupa fyrir skipverja til þess að teljast laus undan frekari ábyrgð skv. 1. gr. þessa frv. (2. mgr. 205. gr. siglingalaganna). Tillaga þingmannanna var á þá lund, að bráðabirgðaákvæði þetta hljóðaði sem hér segir:

„Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

## 1. Dánarbætur:

- a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

## 2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.“

Breytingartillaga þessi var samþykkt og frumvarpið ásamt þeirri breytingu samþykkt sem lög frá Alþingi 21. desember 1972.

Hinn 6. september s.l. voru gefin út bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna og með þeirri afgreiðslu lögfestir samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir voru sem fylgiskjöl með bráðabirgðalögunum. Eitt atriði þeirra samninga, sem þannig voru lögfestir, var sameiginlegt ákvæði fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning þess efnis, að um líf og örorkutryggingu færi samkvæmt ákvæðum framangreinds bráðabirgðaákvæðis siglingalaganna, með þeirri breytingu þó, að dánarbætur hækki úr 1 millj. kr. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Bráðabirgðaákvæði siglingalaganna hefur enn ekki verið breytt til samræmis við þetta, með þeim afleiðingum, að þessi hækking á tryggingarupphæðum nær ekki til annarra sjómanna en þeirra, sem taka laun samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra samninga. Er því að þessu leyti um talsverðan aðstöðumun að ræða milli t. d. loðnuveiðisjómanna annars vegar og togarasjómanna hins vegar.

Eins og fram kemur við athugun á efni bráðabirgðaákvæðisins gætir nokkurs ósamræmis milli hinna einstöku tryggingarfjárhæða, sem þar eru ákveðnar. Annars vegar er um að ræða bætur hverra bótafjárhæðir ráðast af ákvæðum almannatryggingalaga (staflíður b) og c) í tölulíð 1. Dánarbætur, ásamt staflíð a) í tölulíð 2. Slysadagpeningar og örorkubætur), en skv. 78. gr. almannatryggingalaganna skulu þessar bótafjárhæðir breytast samkvæmt ákveðnum reglum til samræmis við breytingu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Hins vegar eru svo dánarbætur skv. staflíð a) í tölulíð 1 og örorkubætur skv. staflíð b) í tölulíð 2, en þessar bætur ákveðast af fastri upphæð, sem tiltekin er í lögum og breytast ekki nema lögum verði breytt eða samningar takist þar um milli sjómanna og útvegsmanna.

Sjómenn hafa eðlilega unað þessari skipan mála illa — bæði því, að sömu reglur um breytingar skuli ekki gilda um tryggingabætur þeirra án tillits til þess hvers eðlis þær bætur eru, og ekki síður hinu, að með ört hækkandi verðlagi og rýrnun á gildi peninga glata bótafjárhæðir, svo sem eins og dánarbætur og örorkubætur, sem ákveðnar eru sem föst fjárhæð, fljótlega gildi sínu. Visast í því sambandi m. a. til ályktunar um tryggingar- og öryggismál, sem samþykkt var á 10. þingi Sjómanna-sambands Íslands í október s.l., en þar er stjórn sambandsins falið að vinna að því, að lögum um slysa- og örorkutryggingu sjómanna verði breytt þannig, að trygginga-upphæðir haldi raungildi sínu.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er tvíþættur. Annars vegar að lögfesta í bráðabirgðaákvæði siglingalaganna, nr. 66/1963, þá hækkingu á dánarbótum og örorkubótum, sem lögleidd var með bráðabirgðalögunum frá 6. september s.l. að tæki til

hluta sjómanna-stéttarinnar, þannig að sú hækkun bóta nái til allra sjómanna. Megin-tilgangurinn með flutningi frv. er þó annar — sá, að gengið sé til móts við óskir sjómanna um, að þessar tryggingaupphæðir haldi raungildi sínu. Í því sambandi mætti ganga út frá ýmsum viðmiðunum. Svo dæmi sé tekið mætti umreikna bótafjárhæðirnar reglulega til samræmis við breytingu á framfærsluvisitölu, kaupgreiðsluvisitölu eða visitölu vöruverðs og þjónustu. Einnig mætti hugsa sér að áætla í upphafi árs breytingar á meðaltekjum sjómanna, sem verða kynnu á árinu, áætla tryggingaupphæðir í samræmi við þá spá og gera síðan endanlega upp við lok ársins, þegar tölur um raunverulegar breytingar á meðaltekjum liggja fyrir. Að athuguðu máli hefur sú leið þó verið valin hér að hafa sama hátt á og segir í 78. gr. almannatryggingalaga — þ. e. a. s. að miða við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skuli ráðherra svo innan sex mánaða breyta upphæðum bóta til samræmis við það. Ástæður þess, að sú „verðbótaleið“ var valin, eru ýmsar, m. a. sú, að þá ríkir fullt samræmi í ákvörðun bótaupphæða hinna ýmsu bótagunda, sem bráðabirgðaákvæðið tekur til, og auk þess fullt samræmi við sambærilegar ákvarðanir bótaupphæða almannatrygginga. Í öðru lagi er tiltölulega mjög auðvelt og fyrirhafnarlitið að ákvarða breytingar á umræddum tryggingabótum sjómanna með þessum hætti þar eð ráðherra þarf hvort eð er að láta gera alla þá útreikninga, sem til þarf, í sambandi við ákvörðun bótafjárhæða almannatrygginga. Flm. er ljóst, að þótt frv. þetta verði samþykkt næst ekki full trygging þess, að tryggingaupphæðir til sjómanna haldi raungildi sínu, því vissulega getur verðbólga — og hefur — verið meiri en nemur hækkun vikukaups í almennri verkamannavinnu, en talsvert ætti þó að hafa miðað í rétta átt ef sú breyting verður gerð sem felst í frv.

#### Skýringar við einstakar greinar frv.

##### Um 1. gr.

Allar mgr. 1. gr. að síðustu mgr. eru óbreyttar frá gildandi bráðabirgðaákvæði að öðru leyti en því, að í staflíð a) í tölulíð 1 er fjárhæð dánarbóta hækkuð úr 1 millj. kr. í 2 millj. kr. og í staflíð b) í tölulíð 2 eru örorkubætur hækkaðar úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Er þessi hækkun til samræmis við ákvæði bráðabirgðalaga um kaup og kjör sjómanna frá 6. september 1976.

Síðasta mgr. 1. gr. er tekin óbreytt úr 78. gr. almannatryggingalaganna og hefur í för með sér, að sömu ákvæði gilda um breytingar á upphæðum dánarbóta og örorkubóta og gilda um breytingar á upphæðum annarra bótagreiðslna í greininni.

##### Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.